

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	21.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Aðalbjörg Egilsdóttir
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	581201-2650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Styrkur fitu í frárennsli frá fitugildru mældist yfir mörkum í mælingu í maí 2023. 3) Rúmtak lekavarnaþróar sem lýsisgeymar eru í, er ekki í samræmi við kröfur í reglugerð. Tvær ábendingar voru settar fram: 1) Umhverfismarkmið skulu vera til staðar. 2) Ákjósanlegt er að koma fyrir árekstravörnum við ílát fyrir ediksýru ef geyma á sýruna utandyra. Tvö eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Efni í efnageymslu voru án viðeigandi lekavarna. 2) Fita, svífefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar var ekki mælt árið 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði.

Fiskimjölsverksmiðja Loðnuvinnslunnar er með starfsleyfi sem gildir til 17. september 2030. Það heimilar að framleitt sé úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring. Þegar eftirlitið fór fram var engin vinnsla í gangi en löndun á síld stóð yfir.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- ETS
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Fjögur frávík komu fram í eftirliti árið 2023. Tveimur þeirra var lokað í bréfi dags. 6. desember 2023 en unnið var samkvæmt áætlun að úrbótum á hinum tveimur sem varða annars vegar að efni í efnageymslu voru geymd án viðeigandi lekavarna og hins vegar að frárennismælingar voru ekki gerðar árið 2022. Farið verður yfir úrbæturnar síðar í skýrslunni. Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirliti árið 2023: 1) Ílát með ediksýru eru geymd utandyra. Huga þarf betur að árekstravörnum. 2) Tryggja þarf að öll tilskilin öryggisblöð séu til staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. 3) Reikna þarf rúmtak lekavarnaþróar sem lýsisgeymar eru í. Farið verður yfir viðbrögð rekstraraðila síðar í skýrslunni.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 6. maí sl. Skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert og er því skráð frávík vegna skilanna. Ústreymisbókhaldi var skilað þann 26. mars sl. og eru ekki gerðar athugasemdir við þau skil. Frárennismælingar voru gerðar 13.–14. maí 2023. Styrkur fitu í frárennsli frá fitugildru var yfir mörkum og er það frávík frá starfsleyfi. Niðurstöður frárennismælinga sem voru gerðar í maí 2024 voru allar í samræmi við þær kröfur sem eru gerðar í starfsleyfi. Frávíkum varðandi losun yfir mörkum árið 2023 og að mælingar voru ekki gerðar árið 2022 er því lokað. Allir lýsisgeymar rekstraraðila voru þykktarmældir árið 2021 og þarf því ekki að mæla þá aftur fyrr en árið 2031. Samkvæmt upplýsingum eftirlitsaðila eru engar niðurgrafnar lýsislagir á lóð rekstraraðila. Niðurstöðum TVN-mælinga til og með maí 2024 hefur verið skilað til eftirlitsaðila og er það í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

3. ETS

Starfsemi rekstraraðila fellur almennt undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sbr. I. viðauka við lög nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS lög). Uppsett nafnvarmafl verksmiðjunnar er undir 35 MW og árleg losun gróðurhúsalofttegunda er undir 25.000 tonnum af koldíoxíðsígildum, og á þeim grundvelli hefur verksmiðjan verið undanskilin gildissviði ETS í samræmi við 20. gr. ETS laganna. Rekstraraðili þarf að uppfylla

skyldur um vöktun og skýrslugjöf, þ.e. að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við vöktunaráætlun og skila árlegri skýrslu til Umhverfisstofnunar um að skilyrði 1. mgr. 20. gr. ETS laganna séu uppfyllt á undangengnu almanaksári. Engin frávik frá vöktunar- og skýrsluskyldu hafa verið og engin frávik voru skráð frá þessari skyldu í eftirliti.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

5. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 og var skírteinin því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu. Farið var yfir þær áætlanir sem eiga að vera til staðar samkvæmt starfsleyfi. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, hreinlætisætlun og viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda voru til staðar og allar nýlega endurskoðaðar. Umhverfisstefna er til staðar en ekki eiginleg umhverfismarkmið og er rekstraraðila bent á að setja sér mælanleg umhverfismarkmið. Í eftirlitinu var rætt að líklegt sé að á næstu misserum verði gerð krafa um vöktunaráætlun sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi rekstraraðila.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

7. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Hluti efna í efnageymslu eru enn geymd án viðeigandi lekavarna og er því ekki tilefni til að loka fráviki sem kom fram í eftirliti ársins 2023. Ekki er gerð athugasemd við þau öryggisblöð sem eru til staðar. Dregið hefur verið úr magni ediksýru sem geymd er utandyra og eru ílátin ekki í akstursleið á lóðinni. Rekstraraðila er engu að síður bent á að ákjósanlegt er að koma fyrir árekstravörnum ef geyma á sýruna utandyra. Í eftirliti árið 2023 var sett fram ábending um að reikna þyrfti rúmtak lekavarnaþróar sem lýsisgeymar eru í. Samkvæmt þeim upplýsingum sem lágu fyrir í eftirlitinu er rúmtakið ekki í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og er því skráð frávik vegna þess.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.

Gr. 2.17 í starfsleyfi

Styrkur fitu í frárennsli frá fitugildru mældist yfir mörkum í mælingu í maí 2023.

8. gr. reglugerðar nr. 884/2017

Rúmtak lekavarnar er ekki í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 884/2017.


ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Þó umhverfisstefna sé til staðar hjá rekstraraðila með n.k. umhverfismarkmiðum er bent á að sérstök umhverfismarkmið skulu vera til staðar. Æskilegt er að þau séu mælanleg og nái yfir þætti sem rekstraraðili hefur stjórn á. 2) Þó dregið hafi verið úr því magni ediksýru sem geymt er utandyra og hún sé ekki í akstursleið, er ákjósanlegt að árekstravörnum verði komið fyrir við ílát fyrir ediksýru ef geyma á sýruna utandyra.


Reykjavík,

20.12.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.



2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr Evarsson